

## **BORGARRÁÐ 23. maí 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samtalsþjónustu við eldra fólk í Reykjavík - MSS24050113**

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela velferðarsviði að bjóða eldra fólk í Reykjavík upp samtalsþjónustu í ljósi vaxandi ofbeldis af öllu tagi gegn eldra fólk eins og fram kom á nýlegum fundi Landssambands eldri borgara. Þetta er lagt til sökum þess að besta forvörnin gegn ofbeldi í garð eldra fólks er samtalið.

### **Greinargerð:**

Flokkur fólksins lagði til 2023 að stofnað verði sálfélagslegt meðferðarúrræði fyrir eldri borgara sem búa á hjúkrunarheimilum eða í heimahúsi til að fyrirbyggja einmanaleika og til að geta betur átt möguleika á að meta líðan eldra fólks. Ekkert kemur í staðinn fyrir samtalið og nærveruna. Aldraðir eru sérstaklega útsettir fyrir ofbeldi en aðrir þjóðfélagshópar og ólíklegri til að tilkynna það. Það kemur til að því að sá sem beitir ofbeldinu er oft sá sem viðkomandi er háður, t.d. stuðningi frá degi til dags. Flokkur fólksins hefur margsinnis talað um vaxandi einsemd eldra fólk í okkar samfélagi Besta forvörnin er samtalið og umræðan sem og virkt nágrannasamfélag. Þetta er ábyrgð okkar allra alveg á sama hátt og velferð barna er á ábyrgð okkar allra. Við þurfum að vera áræðin og þora að stíga fram og benda á ef við sjáum, heyrum, höfum vísbendingar um eða grun um að aldraður einstaklingur sé beittur ofbeldi af einhverju tagi. Hvað varðar sálfélagslegt úrræði þá hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins áhyggjur af einmanaleika hjá þessum hópi. Þessi hópur er einnig sennilega sá sem minnst er tæknivæddur og ekki allir nota þá velferðartækni sem er þó í boði. Kanna þarf þennan hóp núna en ekki bíða eftir að aðgerðarplan Lýðræðisstefnu komi í virkni.